Borgum með ýsunni

Nú er svo komið að bátar eru farnir að borga með sér til að komast á sjó og veiða þorsk ef mikill meðafli fæst í ýsu og leigja þarf ýsuna. Fiskmarkaðsverð á ýsu dugir vart til að standa undir leiguverði og öðrum útgerðarkostnaði.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Það segir sig sjálft að þegar menn þurfa að leigja ýsu á 315 til 318 krónur kílóið, en verð á fiskmörkuðum getur farið niður í 245 til 250 krónur, þá endar það með því að menn komast í þrot," sagði Halldór Ármannsson, smábátaeigandi og varaformaður Landssambands smábátaeigenda, í samtali við Fiskifréttir.



Halldór Ármannsson

Halldór gerir út tvo krókaaflamarksbáta, Guðrúnu Petrínu GK sem rær frá Sandgerði, og Stellu GK sem rær frá Drangsnesi.

Langt út til að ná í þorsk

Halldór sagði að bátar fyrir norðan gætu ekki veitt þorsk nema fara 40 til 50 mílur norður í haf. Við veiðar í Húnaflóa gæti ýsa verið um 60% aflans í róðri en þorskur 40%. Aflabrögð þar hefðu verið mjög góð, um 8 til 9 tonn í róðri.

„Út frá Sandgerði er töluverð ýsa á harða botninum í Karganum en ef við förum lengra út á lina botninn náum við að veiða meira af þorski enda komið fram í janúar. Þar er enginn þorskur á haustin. Vertíðin fer að bresta á og þá eykst hlutfall þorsks í aflanum. Hins vegar er staðan hjá mér þannig að ég er í mínus í ýsu en á eftir að veiða 150 tonn af þorski miðað við slægt og fiskveiðiárið rétt hálfnað," sagði Halldór.

Borgum með ýsunni

Ef bátur fær um 50% meðafla í ýsu og róðurinn gerir 8 tonn þarf að greiða um 1,3 milljónir króna í leigu fyrir ýsuna ef kvóti er ekki fyrir hendi svo dæmi sé tekið. Aflaverðmæti ýsunnar hrekkur vart til að greiða þann kostnað. Hafa verður þó í huga að mismunurinn á leigukvóta og markaðsverði segir ekki alla söguna. Leigan er miðuð við slægt en fiskmarkaðsverð við óslægt. Slægingarhlutfallið kemur upp í kostnað. Einnig fá balabátar línuívilnun, en beitningarvélabátar ekki.

„Ljóst er að við borgum með ýsunni þegar búið er að greiða allan kostnað við veiðarnar og laun. Spurningin er hvað menn halda lengi út," sagði Halldór.

Auka þarf ýsukvótann

Halldór sagði að vandinn væri sá að heildarkvóti í ýsu væri allt of lágur miðað við þorskkvótann. Hlutföllin milli kvóta endurspeglaðist ekki í veiðunum almennt, hvað þá hjá bátum sem veiddu á grunnslóð

Hvað er þá til ráða?

„Það þarf að auka ýsukvótann. Við veiðum allt of lítið af ýsu miðað við útgefinn þorskkvóta. Eftir kvótaskerðinguna eru sumir krókaaflamarksbátar með um 5 til 10% af ýsu miðað við þorsk og sú samsetning gengur aldrei upp," sagði Halldór.

Sú hugmynd hefur komið fram að úthluta kvótum í þorskígildum. Smábátar gætu þá tekið sín þorskígildi í ýsu á grunnslóð ef því er að skipta en togskip og stærri skip sem veiða utar gætu haft hag af því að veiða hlutfallslega meira af þorski eða öðrum tegundum. Halldór sagði að hugsanlega væri athugandi að skoða slíkar lausnir.

